



## Reglur um risnu og meðferð risnukostnaðar hjá Reykjavíkurborg

### 1. gr.

#### Skilgreining

Með risnu er átt við kostnað sem Reykjavíkurborg efnir til í þeim tilgangi að sýna þeim er risnunnar njóta gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu. Risna þarf að beinast að aðilum sem ekki starfa hjá Reykjavíkurborg nema þegar starfsmenn gegna hlutverki gestgjafa.

Starfsmannatengdur kostnaður getur aldrei talist til risnu, t.d. kostnaður vegna starfsmannatengdra viðburða á borð við starfsmannafundi, boð og skemmtanir. Mannauðsdeild ber ábyrgð á að viðhalda og uppfæra leikreglur og leiðbeiningar um viðmið hlunninda starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Kostnaður vegna kynningar og markaðssetningar á Reykjavík, t.d. sem áfangastað ferðamanna, fellur ekki undir risnu. Fagsvið og skrifstofur skulu setja sér verklagsreglur um móttökur og kostnað sem fellur til vegna kynningar og markaðssetningar á Reykjavíkurborg.

### 2. gr.

#### Skilyrði

Fullnægjandi tilefni skal ávallt vera til þess að risna sé veitt, sem og fjárheimild.

### 3. gr.

#### Frágangur risnureikninga

Við frágang risnureiknings skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt.

1. Reikningur skal vera skýrt sundurliðaður þannig að sjá megi hvers eðlis útgjöldin eru og umfang þeirra.
2. Tilefni risnu skal ófrávíkjanlega koma fram og hverjir urðu risnunnar aðnjótandi. Upplýsingarnar skal færa með reikningnum inn í Agresso.
3. Ábyrgðaraðili skal í öllum tilvikum árita reikning og staðfesta móttöku vara og þjónustu. Reikningur fer síðan í hefðbundið samþykktarferli.

### 4. gr.

#### Kostnaður

Kostnaður við risnu skal færast á viðkomandi kostnaðarstað og á bókhaldslykil 5715.

### 5. gr.

#### Ábyrgð og eftirlit

Sviðsstjórar bera ábyrgð á framkvæmd þessara reglna hver á sínu sviði.

### 6. gr.

#### Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2015.

Reykjavík, 29. desember 2014

Ellý Katrín Guðmundsdóttir  
borgarritari